

Þriðjudaginn 19. nóvember 1991.

Nr. 81/1989. **Halldóra Hafdís Hallgrímsdóttir**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1989 og gerir þær dómkröfur, að við opinber skipti á Þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf. verði viðurkennd sem forgangskrafa, en til vara sem almenn krafa, skaðabótakrafa að fjárhæð 1.949.415 krónur ásamt vöxtum frá 22. nóvember 1985 til greiðsludags, eins og nánar var gerð grein fyrir við munnlegan flutning málsins. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en til vara, að sök verði skipt, bótakrafa áfrýjanda lækkuð, málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður og bótakröfu áfrýjanda skipað í flokk almennra krafna í Þrotabú stefnda.

Kröfugerð áfrýjanda í málinu er á því reist, að slysið, sem málið fjallar um, hafi orðið með þeim atvikum, að varðað hafi eigendur Verslunarinnar Víðis sf. fébótaábyrgð að lögum. Í hinum áfrýjaða úrskurði eru raktar málsástæður áfrýjanda og rök fyrir fébótaábyrgð stefnda á slysinu. Í forsendum úrskurðarins er aftur á móti ekkert fjallað um lagaskilyrði fyrir bótaábyrgð á slysinu á grundvelli þeirra upplýsinga, sem í málinu nýtur um atvik að því, og með hliðsjón af málsástæðum áfrýjanda og rökum, sbr. j-lið 1. mgr. 193. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981. Er þetta svo verulegur galli á málsmeðferð, að eigi verður hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi 12. desember 1988 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og málsmeðferð frá og með 12. desember 1988 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 28. desember 1988.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 12. desember 1988.

Sóknaraðili, Halldóra Hafðís Hallgrímsdóttir, Skipasundi 85, Reykjavík, gerir þær kröfur, að við yfirstandandi skipti á þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf., Reykjavík, verði viðurkennd sem forgangskrafa krafa sín, að fjárhæð 1.949.415,00 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og að varnaraðila verði gert að greiða sér málskostnað].

Varnaraðili, þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf., Reykjavík, gerir þá aðalkröfu, að hann verði „sýknaður“ af öllum kröfum sóknaraðila og sér „tildæmdur“ málskostnaður úr hendi sóknaraðila samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaður hæstu lögleyfða dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags. Til vara krefst varnaraðili þess, að kröfur sóknaraðila verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður, jafnframt því sem synjað verði um viðurkenningu forgangsréttar skaðabótakröfu sóknaraðila við skipti á þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Með úrskurði, upp kveðnum í skiptarétti Reykjavíkur 22. apríl 1988, var bú Verslunarinnar Víðis sf., Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Samdægurs voru bú eigenda félagsins, Eiríks Sigurðssonar, Rytuhólum 2, Reykjavík, Matthíasar Sigurðssonar, Rytuhólum 11, Reykjavík, og Vigdísar Eiríksdóttur, Austurgerði 9, Reykjavík, einnig tekin til gjaldþrotaskipta. Innkallanir til skuldheimtumanna þessara búa birtust fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 25. maí 1988.

Sóknaraðili lýsti í öll þessi þrotabúi kröfu þeirri, sem er til úrlausnar í máli þessu. Vegna ágreinings við bústjóra þrotabúanna um kröfuna var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um hana milli sóknaraðila og þrotabús Verslunarinnar Víðis sf., en jafnframt bókað undir rekstri þess, að niðurstaða í því skyldi vera bindandi fyrir þrotabúi eigenda félagsins.

Af hálfu sóknaraðila er kröfum hennar lýst svo, að um sé að ræða skaða-

bótakröfur vegna tjóns hennar af völdum slyss, er hún hafi orðið fyrir, þegar hún var að versla í Versluninni Víði að Austurstræti 17 í Reykjavík 22. nóvember 1985, og hafi hún slasast verulega, einkum á hægri hendi...

— — —

Niðurstaða.

Sóknaraðili hefur gefið munnlega skýrslu hér fyrir rétti svo og nokkur vitni. Samkvæmt frásögn sóknaraðila og vitnisins Ágústu Hólm Jónsdóttur, sem starfaði í Versluninni Víði á umræddum tíma, voru atvik að slysinu með þeim hætti, að sóknaraðili hafði verið að versla í versluninni og hafði lokið innkaupum sínum. Í stað þess að fara þá út úr versluninni aftur hélt hún með innkaupapoka sína aftur inn eftir versluninni og ætlaði að fá að fara um bakdyr inn í vinnustað sinn, sem var í sama húsi. Er hún var komin inn að kjötborði innanlega í versluninni og hugðist fara þar inn fyrir, hrasaði hún af einhverri ástæðu með þeim afleiðingum, sem greinir í málinu. Vitnið Ágústa Hólm Jónsdóttir hjálpaði sóknaraðila síðan inn á vinnustað hennar, og þaðan var hún síðan flutt í sjúkrahúsið á slysa-deild Borgarspítalans.

Í máli þessu hefur sóknaraðili reist kröfur sínar á því, að hún hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi í versluninni, þegar hún var þar að versla. Samkvæmt skýrslu sóknaraðila fyrir réttinum er þessi kröfugerð ekki rétt, þar sem sóknaraðili hafði lokið innkaupum sínum í versluninni og var á leið til vinnustaðar síns í sama húsi, er slysið varð. Hafði sóknaraðili því við lok innkaupanna ákveðið að fá að nýta möguleika til að komast til vinnustaðar síns með því að fá að fara um tiltekinn hluta af starfsstöð verslunarinnar, sem annars var ekki ætlaður viðskiptamönnum verslunarinnar. Eins og kröfulýsing sóknaraðila í búið er fram sett og málsreifun öll af hennar hálfu, þykir ekki fært að reisa úrlausn í máli þessu á öðrum grunni en lagður var með kröfulýsingunni. Þegar af þeirri ástæðu og með vísan til 113. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði eru ekki efni til að taka kröfur sóknaraðila í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir mega láta hvorn aðila bera sinn kostnað af máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.